



Björgunarsveitin Kjölur

Tilgangur sveitarinnar

Tilgangur sveitarinnar er að vinna að björgun manna og veita hverskonar aðstoð í neyðartilfellum á starfsvæði sveitarinnar, eins og þekking og tæki sveitarinnar kunna að nýtast. Ennfremur skal sveitin taka þátt í skipulögðu almannavarnarstarfi og veita sömu aðstoð á öðrum svæðum sé þess óskað hverju sinni.

Starfssvæði sveitarinnar er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nánar tiltekið, Kjalarnes og Kjósarhreppur. Sveitin starfar undir stjórn Svæðisstjórnar Björgunarsveita á svæði 1.

Markmið sveitarinnar

Sveitin starfar í flokkum til að ná fram settum markmiðum og geta félagar starfað í öllum þeim flokkum sem þeir hafa getu til. Flokkarnir starfa á landi og sjó á starfssvæði sínu og hafa til þess búnað og þjálfaðan mannskap.

Landflokkur, markmið og reglur

Landflokkur skal vera þjálfður gönguhópur sem skal sérhæfa sig í leit og björgun á landi við allar aðstæður. Félagar landflokks skulu viðhalda þekkingu sinni í almennu björgunarstarfi (fyrstuhjálpar, rötun, fjallamennsku, leit o.fl.) og kappkosta að vera í sem bestri þjálfun. Landflokkur skal vera fær um ferðir til fjalla við sem flestar aðstæður. Landflokkur sveitarinnar leggur ekki áherslu á klifur eða sérhæfða fjallabjörgun þó skulu félagar hvattir til að afla sér þekkingar og æfa slíkt eins og áhugi leyfir. Félagar landflokks þurfa að eiga vatns og vindheldan hlífðarfatnað, hlýjan fatnað, gönguskó, bakpoka, varafatnað, svefnpoka og dýnu, hjálm, höfuðljós, áttavita (GPS) og sjúkratösku til einstaklings nota. Félagar landflokks skulu vera tilbúnir til eins sólarhrings útilegu með skömmum fyrirvara. Formaður landflokks ber ábyrgð á því að tæki og búnaður sveitarinnar sé ávallt í fullkomnu lagi en klifurbúnaður, leitarbúnaður og fjórhjól heyrir undir hann. Landflokkur skal halda skrá yfir búnað flokksins. Alla notkun á fjórhjólum skal skrá í dagbók.

Fyrstuhjálparflokkur, markmið og reglur

Fyrstuhjálparflokkur er samvinnuaðili Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) og er fyrsti viðbragðsaðili í alvarlegum veikinda- og slysaútköllum á Kjalarnesi og í Kjós. Auk þess sinnir hann öðrum almennum fyrstuhjálpar verkefnum. Leitast er við að allir félagar sveitarinnar séu í þessum flokki og hafi að lágmarki tekið Fyrstuhjálpar 1 og 2 á vegum Björgunarskólans, og/eða First Responder (FR) námskeið á vegum Sjúkraflutningaskólans. Félagar skulu hvattir til að afla frekari þekkingar á sviði fyrstuhjálpar og skyldaðir til að viðhalda þekkingu sinni með endurmenntun. Skipa skal umsjónarmann sameiginlegs fyrstuhjálparbúnaðar og skal hann sjá um að búnaður, sem honum er falinn, sé ævinlega til reiðu og í samræmi við búnaðarlista sem sveitin og SHS hafa ákveðið. "Hlauparar" eru félagar á útkallslista sem fara beint á vettvang og hafa að lágmarki FR námskeið.

Sveitin leggur til fyrstuhjálparbúnað fyrir "hlaupara".

"Hlaupari" ber ábyrgð á sínum búnaði samkvæmt búnaðarlista.



Björgunarsveitin Kjölur

Bátaflokkur, markmið og reglur

Bátaflokkur skal vera minnst fimm manna hópur sem skal sérhæfa sig í sjóbjörgun og meðferð slöngubáta. Bátaflokkur skal vera fær um að beita slöngubátum meðfram ströndum og á ám og vötnum. Bátaflokkur skal einungis starfa meðfram landi og tekur ekki þátt í leitum á hafi úti. Félagar bátaflokks skulu viðhalda þekkingu sinni í almennu björgunarstarfi og kappkosta að vera í sem bestri þjálfun. Sveitin leggur til björgunarbúninga, hjálma og björgunarvesti. Ávallt skal minnst einn félagi bátaflokks stjórna bát við æfingar og önnur störf sveitarinnar þar sem bátur er notaður. Formaður bátaflokks ber ábyrgð á því að bátur sveitarinnar ásamt fylgibúnaði sé ávallt í lagi og heldur skrá yfir búnað flokksins. Alla notkun á bátum sveitarinnar skal skrá í dagbók.

Kajakræðarar eru hluti af bátaflokki og starfa með honum. Félagar kajakhóps skulu vera á útkallslista og sérhæfa sig í leit á vötnum og með ströndinni. Ávalt skuli tveir ræðarar fylgjast að, eða í samfylgd slöngubáts. Kajakræðarar skulu nota þurrbúning, flotvesti og hjálm.

Bílaflokkur, markmið og reglur

Bílaflokkur skal vera minnst fimm manna hópur sem skal sjá um bíla og farartæki sveitarinnar. Bílaflokkur ber ábyrgð á því að bílar sveitarinnar séu ávallt til reiðu fyrirvaralaust ásamt því að sjá um öll áhöld og tæki sem þeim fylgja. Engum er heimilt að aka bílunum nema bílaflokksmönnum eða öðrum sem hafa heimild formanns bílaflokks. Stranglega er bannað að nota bílana til einkaafnota. Bílaflokkur skal halda skrá yfir búnað bílaflokks og sjá um að ítarlegir búnaðarlistar séu til staðar fyrir alla bíla. Alla notkun á bílum skal skrá í dagbók.

Sérverkefni

Sveitin getur falið einstökum félögum ákveðin sérverkefni hverju sinni þó skal ávallt skipa umsjónarmann með fjarskiptabúnaði. Umsjónarmaður fjarskipta skal ávalt sjá til þess að búnaður sem þeim er falinn sé ávallt til reiðu og í samræmi við búnaðarlista sveitarinnar.

Sveitin skal skipa umsjónarmenn með stærri fjáröflunarverkefnum þegar þess gerist þörf t.d. vegna flugeldasölu.

Kjalarnes 11.05.2008